



Sumartónleikar í Skálholti

Minningardagskrá um Jaap Schröder og Helgu Ingólfssdóttur: Allar leiðir liggja frá Rómarborg // All roads lead from Rome

11. júlí kl.14:00 í Skálholtsdómkirkju

Arcangelo Corelli	Tríósónata í h-moll, Op. 3 1. Largo 2. Vivace 3. Adagio 4. Presto
Johann Sebastian Bach	Sónata í E-Dúr fyrir fiðlu og sembal BWV 1016 1. Adagio 2. Allegro 3. Adagio ma non tanto 4. Allegro
Alessandro Scarlatti <i>Efri raddir eftir Halldór B. Arnarson</i>	Partimentó í a-moll
Giacomo Insanguine <i>Efri raddir eftir Halldór B. Arnarson</i>	Partimento í a-moll
Federico Fenaroli <i>Efri raddir eftir Halldór B. Arnarson</i>	Partimentó í C-Dúr
Johann Sebastian Bach	Tvöfaldur konsert í C-Dúr, BWV 1061a 1. - 2. Adagio ovvero Largo 3. Fuga
Johann Sebastian Bach	Tríósónata í G-Dúr BWV 1038 <i>Adagio</i>
Johann Sebastian Bach	Fiðlusónata í G-Dúr BWV 1021 <i>Largo</i>



Sumartónleikar í Skálholti

Undir lok 17. aldar komu fram á sjónarsviðið stór félagssamtök í Róm sem nefndu sig Arcadíuakademíuna. Þetta var bókmennta- og listafélag sem átti eftir að setja gríðarstóran svip á þróun ítalskrar menningar. Meðal kunnustu tónlistarmanna sem voru í félaginu var Arcangelo Corelli, og hin feikivinsæla tónlist hans var talin tjá fagurfræði akademíunar. Sterkra áhrifa Corellis er að gæta í verkum Jóhanns Sebastians Bach, þó að óneitanlega sé mikill munur á flækjustigi og þykkt þessara tveggja meistara. Alessandro Scarlatti, annar heiðursmeðlimur akademíunnar, var einn af frumkvöðlum hinnar merkilegu Partimentó tónsmíðaaðferðar sem eins fann sér leið til Bachs. Aðferðin snerist um að meistarinn skrifaði bassa að tónverki en slepti hinum röddunum. Það var svo verkefni lærisveinsins að búa til laglínu og milliraddir. Þetta var síðasta skrefið í átt að því að geta impróviserað og samið tónlist uppá eigin spýtur, og átti eftir að verða útbreidd tónsmíðakennsluaðferð um alla Evrópu næstu kynslóðirnar. Partimentólist Insanguine og Fenaroli má rekja beint til Scarlatti

Þessir tónleikar eru tileinkaðir minningu Jaaps Schröder, fiðluleikara sem auðgaði heim barokktónlistar og Sumartónleika í Skálholti meira ein orð fá lýst, og Helgu Ingólfsdóttur, frumkvöðuls í flutningi á tónlist fyrri alda á Íslandi og náins samstarfsfélaga Jaaps.

Halldór Bjarki Arnarson lauk framhaldsprófi í hornleik vorið 2011 frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Í júlí 2016 útskrifaðist hann frá fjögurra ára Bachelorsnámi við tónlistarháskólann í Hannover með horn sem aðalfag. Haustið 2014 skráði hann sig í tölusettan bassa á sembal hjá Zvi Meniker, prófessor í Hannover, og tók uppfrá því virkan þátt í deild gamallar tónlistar þar. Halldór stundar nú nám í semballeik við hinn konunglega tónlistarháskóla í den Haag. Hann spilar reglulega með barokksveitum á Íslandi og á meginlandinu. Hann er meðal annars meðlimur í íslenska barokkhópnum Symphonia Angelica og hinum margverðlaunaða AMAconsort kvartett frá Þýskalandi. Halldór hefur fengist við aðrar tónlistarstefnur þar að auki. Hann syngur og leikur á söguleg íslensk hljóðfæri í þjóðlagahljómsveitinni Spilmenn Ríkínís og kemur reglulega fram sem djass- og dægurlagapíanisti svo eitthvað sé nefnt. Halldór hefur þó nokkrum sinnum átt innlegg í sjóð nýrrar tónlistar, og hafa verk hans verið flutt við ýmis tækifæri, bæði innan Íslands og utan. Hann hlaut styrk úr minningarsjóði Emils Thoroddsen fyrir að skrifa hornkonsert, gefinn út af Íslenskri Tónverkamiðstöð árið 2016.

Hildigunnur Halldórsdóttir lauk bakkalársprófi í fiðluleik frá Eastman School of Music í Rochester í New York fylki árið 1990 og meistaraprófi frá sama skóla vorið 1992. Sama ár var hún ráðin til starfa við fiðludeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gerðist einnig félagi í tónlistarhópnum Caput, Camerartica og Kammersveit Reykjavíkur. Hildigunnur hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Kammersveit Reykjavíkur og verið konsertmeistari Hljómsveitar Íslensku óperunnar og Hljómsveitar Íslenska dansflokksins. Hildigunnur hefur einnig leikið á barokkfiðlu með Bachsveitinni í Skálholti,



Sumartónleikar í Skálholti

Reykjavík Barokk og Symphonia Angelica, og hefur verið leiðandi í flutningi tónverka frá barokktímanum, bæði kammerverka og stærri tónverka fyrir hljómsveit og kór. Hildigunnur hefur leikið inn á fjölda hljóðritana með þeim hópum sem hún hefur starfað með og komið fram á ýmsum hátíðum hér heima og erlendis. Þar má nefna Myrka músíkdaga, Sumartónleika í Skálholti og tónleika Kammermúsíklúbbsins í Reykjavík þar sem hún hefur m.a. flutt alla strengjakvartetta Béla Bartóks og Dímítrí Sjostakovítsj ásamt félögum sínum úr Camerartica.

Sigurður Halldórsson nam sellóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og við Guildhall School of Music í London. Sigurður starfar m.a. með Caput hópnum, Voces Thules, Symphonia Angelica og Camerartica. Hann hefur komið fram á alþjóðlegum listahátíðum víða um Evrópu, Norður-Ameríku, Kína og Japan. Sigurður hefur unnið í leikhúsi, m.a. að nokkrum tilraunasýningum í dans- og músikleikhúsi og verið mjög virkur í alls kyns spunatónlist bæði sem flytjandi og kennari. Hann var einn af stofnendum 15:15 tónleikasyrpunnar sem sett var á fót árið 2002. Sigurður hefur sérhæft sig í flutningi tónlistar fyrri tíma með upprunalegum hljóðfærum. Helstu samstarfsmenn á því sviði hafa verið Helga Ingólfssdóttir, Ann Wallström, Bruno Cocset, Peter Spissky og Jaap Schröder, en þeir léku saman í tvo áratugi í Skálholtskvartettinum. Sigurður var listrænn stjórnandi Sumartónleika í Skálholtskirkju frá 2004 - 2014. Sigurður er prófessor við Listaháskóla Íslands og fagstjóri í sam-evrópska NAIP meistaranáminu (New Audiences and Innovative Practice).

Sólrún Franzdóttir Wechner kynntist sembalnum árið 2006 og undir leiðsögn Guðrúnar Óskarsdóttur lauk hún framhaldsprófi vorið 2012 við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún hóf nám við listaháskólann í Bremen þar sem hún lauk BA gráðu 2016 hjá Prof. Carsten Lohff og Michael Fuerst. Sólrún nam einnig við listaháskólann í Frankfurt á sembal hjá Prof. Eva Maria Pollerus og á barokkfiölu hjá Mechthild Karkow. Þaðan lauk hún mastersgráðu í semballeik og í generalbassa 2020. Hún hefur spilað með ýmsum kammerhópum en einnig með stærri hljómsveitum, má þar nefna Óperuhúsin í Gießen, í Frankfurt og í Belgrad. Sólrún er meðstofnandi kammerhópsins Les Cascades, en hópurinn er meðlimur í Yehudi Menuhin Live Music Now í Frankfurt og spila reglulega tónleika á þeirra vegum. Hérlandis hefur hún komið fram á Reykholtshátíð og spilað sembalkonserta á Sumartónleikum í Skálholti árið 2017 til minningar um Helgu Ingólfssdóttur, en henni fékk Sólrún að kynnast á unglingsárum og var seinna veitt styrkur til náms úr minningarsjóði hennar við nám í Tónlistarskóla Reykjavíkur.

Undir lok 17. aldar komu fram á sjónarsviðið stór félagssamtök í Róm sem nefndu sig



Sumartónleikar í Skálholti

Arcadíuakademíuna. Þetta var bókmennta- og listafélag sem átti eftir að setja gríðarstóran svip á þróun ítalskrar menningar. Meðal kunnustu tónlistarmanna sem voru í félaginu var Arcangelo Corelli, og hin feikivinsæla tónlist hans var talin tjá fagurfræði akademíunar. Sterkra áhrifa Corellis er að gæta í verkum Jóhanns Sebastians Bach, þó að óneitanlega sé mikill munur á flækjustigi og þykkt þessara tveggja meistara. Alessandro Scarlatti, annar heiðursmeðlimur akademíunnar, var einn af frumkvöðlum hinnar merkilegu Partimentó tónsmíðaaðferðar sem eins fann sér leið til Bachs. Aðferðin snerist um að meistarinn skrifaði bassa að tónverki en slepti hinum röddunum. Það var svo verkefni lærisveinsins að búa til laglínu og milliraddir. Þetta var síðasta skrefið í átt að því að geta improviserað og samið tónlist uppá eigin spýtur, og átti eftir að verða útbreidd tónsmíðakennsluaðferð um alla Evrópu næstu kynslóðirnar. Partimentólist *Insanguine* og *Fenaroli* má rekja beint til Scarlatti

Þessir tónleikar eru tileinkaðir minningu Jaaps Schröder, fiðluleikara sem auðgaði heim barokktónlistar og Sumartónleika í Skálholti meira ein orð fá lýst, og Helgu Ingólfsdóttur, frumkvöðuls í flutningi á tónlist fyrri alda á Íslandi og náins samstarfsfélaga Jaaps.

Halldór Bjarki Arnarson lauk framhaldsprófi í hornleik vorið 2011 frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Í júlí 2016 útskrifaðist hann frá fjögurra ára Bachelorsnámi við tónlistarháskólann í Hannover með horn sem aðalfag. Haustið 2014 skráði hann sig í tölusettan bassa á sembal hjá Zvi Meniker, prófessor í Hannover, og tók uppfrá því virkan þátt í deild gamallar tónlistar þar. Halldór stundar nú nám í semballeik við hinn konunglega tónlistarháskóla í den Haag. Hann spilar reglulega með barokksveitum á Íslandi og á meginlandinu. Hann er meðal annars meðlimur í íslenska barokkhópnum *Symphonia Angelica* og hinum margverðlaunaða *AMA*consort kvartett frá Þýskalandi. Halldór hefur fengist við aðrar tónlistarstefnur þar að auki. Hann syngur og leikur á söguleg íslensk hljóðfæri í þjóðlagahljómsveitinni *Spilmenn Ríkínís* og kemur reglulega fram sem djass- og dægurlagapíanisti svo eitthvað sé nefnt. Halldór hefur þó nokkrum sinnum átt innlegg í sjóð nýrrar tónlistar, og hafa verk hans verið flutt við ýmis tækifæri, bæði innan Íslands og utan. Hann hlaut styrk úr minningarsjóði Emils Thoroddsen fyrir að skrifa hornkonsert, gefinn út af Íslenskrí Tónverkamiðstöð árið 2016.

Hildigunnur Halldórsdóttir lauk bakkalársprófi í fiðluleik frá Eastman School of Music í Rochester í New York fylki árið 1990 og meistaraþrófi frá sama skóla vorið 1992. Sama ár var hún ráðin til starfa við fiðludeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gerðist einnig félagi í tónlistarhópunum *Caput*, *Camerarctica* og *Kammersveit Reykjavíkur*. Hildigunnur hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og *Kammersveit Reykjavíkur* og verið konsertmeistari Hljómsveitar Íslensku óperunnar og Hljómsveitar Íslenska dansflokksins. Hildigunnur hefur einnig leikið á barokkfiðlu með Bachsveitinni í Skálholti, *Reykjavík Barokk* og *Symphonia Angelica*, og hefur verið leiðandi í flutningi tónverka frá



Sumartónleikar í Skálholti

barokktímanum, bæði kammerverka og stærri tónverka fyrir hljómsveit og kór. Hildigunnur hefur leikið inn á fjölda hljóðritana með þeim hópum sem hún hefur starfað með og komið fram á ýmsum hátíðum hér heima og erlendis. Þar má nefna Myrka músíkdaga, Sumartónleika í Skálholti og tónleika Kammermúsíklúbbsins í Reykjavík þar sem hún hefur m.a. flutt alla strengjakvartetta Béla Bartóks og Dímitrí Sjostakovítsj ásamt félögum sínum úr Camerartica.

Sigurður Halldórsson nam sellóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og við Guildhall School of Music í London. Sigurður starfar m.a. með Caput hópnum, Voces Thules, Symphonia Angelica og Camerartica. Hann hefur komið fram á alþjóðlegum listahátíðum víða um Evrópu, Norður-Ameríku, Kína og Japan. Sigurður hefur unnið í leikhúsi, m.a. að nokkrum tilraunasýningum í dans- og músikleikhúsi og verið mjög virkur í alls kyns spunatónlist bæði sem flytjandi og kennari. Hann var einn af stofnendum 15:15 tónleikasyrpunnar sem sett var á fót árið 2002. Sigurður hefur sérhæft sig í flutningi tónlistar fyrri tíma með upprunalegum hljóðfærum. Helstu samstarfsmenn á því sviði hafa verið Helga Ingólfssdóttir, Ann Wallström, Bruno Cocset, Peter Spisky og Jaap Schröder, en þeir léku saman í tvo áratugi í Skálholtskvartettinum. Sigurður var listrænn stjórnandi Sumartónleika í Skálholtskirkju frá 2004 - 2014. Sigurður er prófessor við Listaháskóla Íslands og fagstjóri í sam-evrópska NAIP meistaranáminu (New Audiences and Innovative Practice).

Sólrún Franzdóttir Wechner kynntist sembalnum árið 2006 og undir leiðsögn Guðrúnar Óskarsdóttur lauk hún framhaldsþrófi vorið 2012 við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún hóf nám við listaháskólann í Bremen þar sem hún lauk BA gráðu 2016 hjá Prof. Carsten Lohff og Michael Fuerst. Sólrún nam einnig við listaháskólann í Frankfurt á sembal hjá Prof. Eva Maria Pollerus og á barokkfiðlu hjá Mechthild Karkow. Þaðan lauk hún mastersgráðu í semballeik og í generalbassa 2020. Hún hefur spilað með ýmsum kammerhópum en einnig með stærri hljómsveitum, má þar nefna Óperuhúsin í Gießen, í Frankfurt og í Belgrad. Sólrún er meðstofnandi kammerhópsins Les Cascades, en hópurinn er meðlimur í Yehudi Menuhin Live Music Now í Frankfurt og spila reglulega tónleika á þeirra vegum. Hérlandis hefur hún komið fram á Reykholtshátíð og spilað sembalkonserta á Sumartónleikum í Skálholti árið 2017 til minningar um Helgu Ingólfssdóttur, en henni fékk Sólrún að kynnast á unglingsárum og var seinna veitt styrkur til náms úr minningarsjóði hennar við nám í Tónlistarskóla Reykjavíkur.